



## **Kveðja frá forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni**

Gospelsystur Reykjavíkur hafa á undanförunum árum skipað sérstakan sess í tónlistarlífi okkar Íslendinga. Túlkun kórsins á innlendum og erlendum verkum hefur í senn verið lifandi, frumleg og hrífandi – sett hátíðarsvip á merkisatburði og veitt okkur ógleymanlegar ánægjustundir.

Stjórnandi kórsins Margrét Pálmadóttir hefur verið kraftmikill og litríkur brautryðjandi sem auðgað hefur menningu okkar á fjölpættan hátt. Hún hefur gert kóra sína að einstökum hljóðfærum og fært okkur nýjungar sem náð hafa hylli þjóðarinnar.

Gospelsystur Reykjavíkur eru glæsilegur fulltrúi þeirra nýsköpunar sem ríkir í íslensku tónlistarlífi og ég óska áheyrendum til hamingju með að fá kórinn í heimsókn.

Sá kraftur sem býr í eldfjöllum og goshverum Íslands hefur einnig tekið sér bólfestu í sálum Gospelsystra og mótað innlifun og túlkun þeirra á magnaðan hátt. Ég veit að tónleikarnir verða ykkur öllum til gleði og ánægju og munu sannfæra ykkur um þann eldmóð sem býr í brjóstum Íslendinga.